

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur þeirra húseigna sem ekki eru tengdar við holræsakerfi Kópavogs við útgáfu samþykktar þessarar hafa frest til 1. janúar 2003 til að uppfylla ákvæði hennar.

A svæðum þar sem Kópavogsbær áætlað að leggja frárennislögn að lóð, sbr. 10. gr., fyrir 31. desember 2006 er heilbrigðisnefnd heimilt að veita undanþágu frá einstökum þáttum samþykktarinnar varðandi úrbætur.

Umhverfissráðuneytinu, 20. mars 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

16. janúar 2002

Nr. 225

GJALDSKRÁ

byggingarleyfisgjalda í Mosfellsbæ.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttar og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ í umboði bæjarstjórnar innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Vegna yfirferðar og samþykktar aðaluppdráttar og fylgiskjala skal byggingarfulltrúi innheimta byggingarleyfisgjöld sem hér segir:

- A) Vegna allra byggingarleyfisumsókna skal greiða lágmarksgjald við móttöku umsóknar kr. 4.800.
- B) Fyrir hvern rúmmetra í nýbyggingu eða viðbyggingu skal greiða byggingarleyfisgjald er nemi 48 kr.
- C) Við endurnýjun byggingarleyfa skal greiða lágmarksgjald.

3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt 2. gr. B-lið skal reikna af brúttórúmmáli sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma.

Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

4. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

6. gr.

Gjaldddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjaldddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

7. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi. Lágmarksgjald verður ekki endurgreitt sé umsókn synjað, byggingarleyfi fellur úr gildi, eða ef umsókn er dregin til baka.

8. gr.

Byggingarleyfisgjöld samkvæmt 2. gr. skulu miðast við launavísitölu 1. janúar ár hvert. Miða skal við grunn í desember 2001, grunntala 262,6 samkvæmt almennum reiknireglum. Lágmarksgjald skal námundað í slétt hundrað króna og rúmmetragjald vera 1% þess.

9. gr.

Innheimt byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu kostnaðar vegna yfirferðar starfsmanna byggingarfulltrúa á aðaluppdráttum og fylgiskjölum þeirra fram að byggingarleyfi.

10. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

Mosfellsbæ, 16. janúar 2002.

Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

vegna úttekta-, vottorða- og íbúðaskoðanagjalda í Mosfellsbæ.

1. gr.

Fyrir úttektir, vottorð og íbúðaskoðanir sem gerðar eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ í umboði bæjarstjórnar innheimta úttekta-, vottorða-, og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Vegna áfangaúttekta sbr. 48. gr., stöðuúttekta sbr. 55. gr., lokaúttekta sbr. 53. gr., meistaraskipta sbr. 47. gr., og byggingarstjóraskipta sbr. 36. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/998 skal byggingarfulltrúi innheimta úttektargjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fyrir hverja einstaka úttekt sbr. 48. gr.	4.500
B) Fyrir stöðuúttekt, sbr. 55. gr.	9.000